

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/34

frá 18. desember 2007

um breytingu á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB og ákvörðun 2000/96/EB að því er varðar smitsjúkdóma sem eru skráðir í þessum ákvörðunum (\*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 6355)

(2007/875/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB frá 24. september 1998 um að koma upp kerfi fyrir faraldursfræðilegt eftirlit og varnir gegn smitsjúkdómum í Bandalaginu <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 3. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun nr. 2119/98/EB er kveðið á um uppsetningu netkerfis á vettvangi Bandalagsins til að stuðla að samstarfi og samræmingu milli aðildarríkjanna til þess að bæta forvarnir og varnir gegn smitsjúkdómum í þeim flokkum sem eru tilgreindir í þeirri ákvörðun.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/96/EB frá 22. desember 1999 um smitsjúkdóma sem skulu felldir undir netkerfi Bandalagsins í áföngum samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB <sup>(2)</sup>, eru tilgreindir ákveðnir smitsjúkdómar sem eiga að falla undir faraldsfræðilegt eftirlit í netkerfi Bandalagsins sem komið var á fót með ákvörðun nr. 2119/98/EB.
- 3) Á síðustu árum hafa nýir smitsjúkdómar komið fram og nýjar örverur greinst sem geta stofnað lýðheilsu í hættu. Heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (HABL) kom fram á sjónarsviðið 2003 og hefur síðan þá verið talin hugsanleg, alvarleg ógn við lýðheilsu. Bæði alvarleg og væg fuglainflúensa skapa áhættu fyrir einstaklinga og jafnframt er sú hættu fyrir hendi að inflúensan þróist yfir í heimsfaraldur. Tilkynningum um vesturnílarveirusýkingu í mönnum hefur fjölgað undanfarið í aðildarríkjum ESB og í löndum utan Evrópu og er það veruleg ógn við lýðheilsu. Menn smitast aðallega með biti moskítóflugunnar, þó tilvik þar sem smit hefur borist með blóðingjöf eða ígræðslu líffæra hafi verið skráð, sem og um fylgju.

- 4) Því ber að breyta viðaukunum við ákvarðanir nr. 2119/98/EB og 2000/96/EB þannig að þeir nái yfir heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (HABL), fuglainflúensa í mönnum og vesturnílarveirusýkingu.
- 5) Nýja alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (2005) öðlaðist gildi 16. júní 2007 og einskorðast ekki lengur við ákveðna sjúkdóma heldur tekur til allra bráðra ógna við lýðheilsu, sem varða þjóðir heims, sem eru auðkenndar sem slíkar samkvæmt ferlinu sem er fastsett í öðrum viðauka reglugerðarinnar. Því er rétt að breyta viðauka ákvörðunar nr. 2119/98/EB.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 7. gr. ákvörðunar nr. 2119/98/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Viðaukanum við ákvörðun nr. 2119/98/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2000/96/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 58, 25.9.2008, p. 29.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 1. Ákvörðun var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 50. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2003/542/EB (Stjtið. ESB L 185, 24.7.2003, bls. 55).

---

*I. VIÐAUKI*

Viðaukanum við ákvörðun nr. 2119/98/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað áttunda undirliðar komi eftirfarandi:

„— Smitsjúkdómar sem geta leitt af sér bráða lýðheilsuógn sem varðar þjóðir heims, sem eru auðkenndir sem slíkir samkvæmt 2. viðauka alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.“

2. Í stað síðasta undirliðar komi eftirfarandi:

‘— „sjúkdómar sem berast með smitferjum

— mannsmitanlegir dýrasjúkdómar

— aðrir smitsjúkdómar sem hafa áhrif á lýðheilsu, þ.m.t. sjúkdómar sem orsakast af vísvitandi dreifingu.“

---

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2000/96/EB er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi bætast við í lið 2.5.2-:

„heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (HABL)“,

2. eftirfarandi bætast við í 2.5.3-lið:

„fluglainflúensa í mönnum“,

„vesturnilarveirusýking“

---